

STJÓRNARTÍÐINDI B 52 – 1993

16. júlí 1993

593

Nr. 314

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Hofsósi.

1. gr.

Leyfisgjald vegna hundahalds, sbr. b-staflíð 2. gr. samþykktar um hundahald á Hofsósi nr. 144 1993 skal vera kr. 5 000 á ári.

Sé hundur skráður aðeins hluta úr ári skal það vera kr. 500 pr. mánuð.

Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir upphafstímabilið til reglulegs gjalddaga næsta árs sem er 1. mars og skal það vera fullt gjald.

Árgjöld greiðast einnig fyrirfram fyrir tímabilið 1. mars til jafnlengdar næsta árs.

2. gr.

Tökugjald skal vera kr. 2 000 í fyrsta skipti, kr. 4 000 í annað skipti og kr. 6 500 í þriðja skipti.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarstjórnar Hofshrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari beytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. júlí 1993.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Ingibjörg R. Magnúsdóttir.

9. ágúst 1993

Nr. 315

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Húsavíkur.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafveitu Húsavíkur, er taki gildi við birtingu:

Gjaldskrá Rafveitu Húsavíkur, nr. 483, 10. október 1991, ásamt breytingu nr. 87, 1. mars 1993.

Gjaldskrá fyrirtækisins hækkar um 3,2%.

Iðnaðarráðuneytið, 9. ágúst 1993.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarmann.

Steindórsprent Gutenberg hf.